Ágrip vegna ráðstefnu Kennsluakademíunnar 20. nóvember 2026

Guðný Björk Eydal
Prófessor
Félagsráðgjafardeild

Notendastýrt námskeið og áskoranir framtíðar í umhverfismálum

Erindið fjallar um tilraun til að efla nemendur til að takast á við ólíkar framtíðarsviðsmyndir og áskoranir í umhverfismálum í valnámskeiði í grunnnámi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Námskeiðið byggir á hugmyndum um nemendamiðað nám, samsköpun og virkri ábyrgð nemenda á eigin námi. Nemendur fá fullt umboð til að móta námskeiðið, þar á meðal viðfangsefni, kennsluaðferðir, námsmat og aðra þætti sem hefðbundið er að kennari ákveði og setji fram í kennsluáætlun.

Í erindinu verður fjallað um mikilvægi þess að skapa nemendum tækifæri til að öðlast þekkingu á umhverfis- og loftslagsvá, afleiðingum hennar og mögulegum mótvægisaðgerðum, jafnframt því að ígrunda eigin afstöðu, ábyrgð og framtíðarhlutverk. Sérstök áhersla verður lögð á hvernig slík ígrundun getur haft áhrif á mótun starfssjálfs nemenda og hvernig þeir sjá fyrir sér að beita þekkingunni í framtíðarstarfi og einkalífi. Umfjöllunin verður tengd hugmyndafræði grænnar félagsráðgjafar og áherslu hennar á samspil félagslegs og umhverfislegs réttlætis.

Að lokum verður byggt á reynslu höfundar af námskeiðinu og rætt hvað hefur reynst vel, hvaða áskoranir fylgja því að færa nemendum svo víðtækt ákvörðunarvald og hvaða lærdóm megi draga af þessari nálgun fyrir þróun háskólakennslu.

Lykilorð:
Sjálfbærni – nemendur sem þátttakendur í námskrá og námi – kennsluþróun - námskrá